

„En til hvers er að dvelja við slíka dagdrauma!“

Um Ferðabók og sjálfsævisögu Sveins Pálssonar

Átjándi öldin og upphaf þeirrar nítjándu eru jafnan talin til erfiðustu tímaskeiða í sögu íslensku þjóðarinnar. Hér geisðu hallæri og hungursneyð, plágur og pestir; fólk bjó við óblíð náttúruöfl, fátækt, einokun og misrétti; kúgun og arðrán voru daglegt brauð og hugarfarið einkenndist af ofstæki, bælingu og grimmd. Þó má ekki gleyma að á þessu armæðufulla tímaskeiði var upplýsingarstefnan farin að láta á sér kræla með nýjum hugmyndum, bjartsýni og von um betri tíð. Hennar sér stað m.a. í stjórnsýslu, listum og trúarlífi og náttúrufræði sem tók stakkaskiptum með vísindalegum aðferðum, skilgreiningum og skipulegri skráningu. Túlkun mannsins á sjálfum sér breyttist, bókmenntir losnuðu úr gömlu formi og stíl, ný yrkisefni komu til sögu og maðurinn sem sjálfráð skynsemissvera varð til.

Í Evrópu var margt á seyði á tímum upplýsingarinnar. Skólar risu, fangelsi voru byggð ásamt sjúkrahúsum, heilsuhælum, geðveikraspítölum, munaðarleysingjahælum, verksmiðjum, leikhúsum og söfnum; dagblöð voru gefin út, lögmál um vörur og neytendur urðu til, lyf og almenn heilsufræði komu til skjalanna, samskipti og þjónusta urðu atvinnugreinar. Og einstaklingshyggja varð til sem hafði gríðarleg áhrif á aldagamalt feðraveldi og stéttaskiptingu, tíska losnaði úr spennitreyju sektar og erfðasyndar og þráin tók að láta á sér kræla í orðræðu og hugsunum fólks. Skilgreindur vinnudagur í kjölfar iðnbyltingar leiddi til þess að frítími kom til sögunnar og menn nutu hans í lystigörðum, á torgum og kaffihúsum, menn tóku að trúa á umbætur á samfélagi sínu, að þekking skilaði framförum og að guð hefði fulla stjórn á skipulaginu og veraldarganginum (Porter, 2000). Upplýst læknisfræði breytti fornri ásýnd dauðans sem með tilheyrandi syndaregistri, erfðaskrá, fyrirbænum og líkvökum, hætti að vera ógnvekjandi lokauppgjör við lífið og varð að ljúfum svefni (Porter, 2003). Í stað mikilvægustu spurningar fyrri tíma um það hvernig sálin yrði hólpín, fýsti menn að leita hamingjunnar í jarðlífinu (Porter, 2000). Og í stað spákvenna, lófalesara og galdraseyða kom ný sýn á vísindi og náttúru. Mælingar og greiningar (sjónaukar, smásjár, loftvogir, hitamælar, rakamælar) og kerfisbundin alfræði komu til sögu með skilgreiningum og líkindum. Áhrif upplýsingarinnar sem sviptist um Evrópu náðu um síðir til Íslandsstranda og frömuðir og föðurlandsvinir eins og Magnús Stephensen (1762-1833) og Fjölnismaðurinn Tómas Sæmundsson (1807-1841) vörðu lífi sínu til vaxtar og viðgangs hennar.

Sveinn Pálsson (1762-1840), læknir og fremsti náttúrufræðings landsins á sinni tíð, kom ungur og fátækur sveitapiltur úr Skagafirði til náms í Kaupmannahöfn þar sem ferskir vindar upplýsingarinnar blésu um hellulagðar götur og torg. Hann lauk fyrstur manna prófi í náttúrufræði í Danmörku 1791 og fékk að því búnu styrk til rannsóknarferða um Ísland í fjögur ár. Hann hafði skýr fyrirmæli um verkefnið sem var gríðarlega umfangsmikið og vandasamt. Hann fann glögg til vanmáttar síns sem vísindamanns gagnvart ætlunarverkinu og segir til dæmis um ferðina heim til Íslands frá Kaupmannahöfn: „Mjög fátt gerðist í ferð þessari fyrir náttúrufræðing, sem svo á að heita, jafnvel þótt ekki sé nema að nafninu til“ (Sveinn Pálsson, 1983:7). Til rannsókna hafði hann nauman fjárstyrk og enga aðstöðu til að fylgja þeim eftir. Niðurstöður rannsókna skráði hann á dönsku í Ferðabók sína með örsmárri og skipulegri rithönd og er handrit hans rúmar sjö hundruð síður í þremur

þéttskrifuðum bindum í arkarbroti (IB.1–3.fol.). Þetta handrit, sem eitt sinn var í eigu Jónasar Hallgrímssonar, starfsbróður hans, var ekki þýtt eða gefið út fyrr en tæpum 150 árum eftir að það var skrifað. Í upphafi Ferðabókar sinnar telur Sveinn upp þau áhöld sem hann keypti til ferðarinnar og verða þau að teljast ansi fátækleg: 40 stk öskjur, 40 stk pappi, 4 rís þerripappír, 1 ¼ pund seglgarn, 1 pund kembd baðmull, 3 ¾ pund skeiðvatn (saltpéturssýra) og flöskur undir það, 30 stk svínsblöðrur, 10 stk krukkur, loftvog, hitamælir, fiskikarfa úr járn, 400 faðma strengur, snæri og skaftlaus klaufhamar.

Ferðabók Sveins Pálssonar má líkja við stóran suðupott. Þar krauma saman dagbókarfærslur og rannsóknarskýrslur, landafræði og náttúrufræði, sjúkdómslýsingar og önnur læknisfræðileg minnisatriði, þjóðsögur sem tengjast örnefnum, og ferðalýsingar þar sem segir af vísindalegum rannsóknarferðum milli landshluta og stuttum grasaferðum í næsta nágrenni – allt er þetta undir einu pottloki. Svo er kryddað með veðurlýsingum og fréttum af aflabrögðum. Sveinn var mikill fjallgöngumaður en á hans tíð þóttu slíkar göngur óðs manns æði, bæði hér á landi og erlendis. Hann hafði jafnan með sér oddhamar á ferðum sínum og með honum klappaði hann fangamark sitt og ártal á tiltæka steina og tinda. Þessi spor í íslensku landslagi sem Sveinn Pálsson skildi eftir sig hafa ef til vill bætt honum upp hversu lítið fór fyrir honum í þjóðlífinu. Því þótt Sveinn væri einn lærðasti maður sinnar samtíðar, landskunnur sem „læknirinn í Vík“ og í kunningsskap við helstu virðingar- og lærdómsmenn landsins kvað ekki mikið að honum í samfélaginu. Sennilega hefur þar komið til annríki við dagleg læknisstörf sem sjá má glögg dæmi um í dagbókum hans, fátækt, eðlislæg hlédrægni og síðast en ekki síst eitthvert hik, ósjálfræði og beiskja vegna eigin örlaga sem urðu önnur en hann hefði kosið. Í Ferðabókinni birtist biturð hans skýrt í viðskiptum hans við Magnús Stephensen, jafnaldra sinn og gamlan skólubróður. Eitt sinn neitaði Magnús að afhenda Sveini ferðastyrk sem hann átti að fá og þarfnaðist sárlega. Sveinn reiddist og áleit þetta vera valdníðslu. Hann beitir íroníu í frásögninni til að breiða yfir sárindin. Hann segist „hafa átt því láni að fagna“ að vera neitað um greiðsluna, honum hafi „hlotnast sú óvænta ánægja“ að vera baknagaður og loks að þetta sé allt „uppörvandi“ fyrir hann (346). Gríma hins hlutlæga náttúrufræðings sem ritar vísindalega ferðabók gliðnar lítið eitt og andlit hins fátæka og beiska manns kemur í ljós.

Í Ferðabókinni birtast klisjur úr ferðabókum fyrri alda og eru settar fram eins og vísindi en þær eiga rætur að rekja til gamallar hugmyndafræði og goðsagna úr landfræðiritum og ferðasögum í aldanna rás. Sem dæmi mætti nefna tilbrigði við loftslagskenningu Montesquieu (1689-1755) um muninn á kaldlyndum íbúum norðursins og blóðheitum þjóðum í suðrænum löndum. Hjá Sveini birtist hún sem hrepparígur milli norðurs og suðurs, sjávar og sveita. Sunnlendingar fá þá umsögn að vera sljóir og latir meðan sveitungum Sveins, Norðlendingum, er hampað. Um íbúa Gullbringusýslu segir í Ferðabókinni:

Héraðsbragur virðist vera sá, að menn séu dramblátari, eigingjarnari, ógestrisnari og óhreinskilnari við yfirvöldin en annars staðar á landinu. Málfar og venjur er svo blandað erlendu kámi, að hver sá, er þangað kemur fyrsta sinni utan úr sveit, hlýtur að standa sem steini lostinn yfir fólkinu, sem hann hyggur hálfðanskt. Yfirleitt mundu menn óska þess, að þeir, sem búa við sjó á Íslandi, tækju fremur eftir erlendum verzlunarmönnum hreinlæti, fagra og gagnlega siði og hófsemi heldur en uppivöðslusemi, kaffi- og brennivínsdrykkju, blótsyrði og aðra fíflsku (607). [...] Klæðnaður, einkum kvenfatnaður, er íburðarminni hér en annars staðar, sérstaklega norðan lands. Mjög fáir kvenmenn bera silfur utan á sér, en auk þess eru fötin hvernig nærri eins snotur og upp til sveita (608). [...] Húsakynni fólks eru afleit... Bæirnir eru lágkúrulegir, litlir og þröngir, illa viðaðir, og ógerlegt má heita að þrifa þá. Alltaf er þar fullt af viðbjóðslegum óþef, sem kemur

af daglegum úrgangi frá útveginum, lýsisbornum sjóklæðum og þó einkum hinni svonefndu f o r. Það er þró, sem grafin er niður í jörðina fast við bæjardyrnar og hlaðin upp úr grjóti. Í hana er safnað hlandi, rusli úr bænum, fisksoði og öðrum óþverra, en síðan er þetta notað sem áburður á túnin. Af þessu kemur það, að vermenn, sem verið hafa við sjó á vertíðinni, verða fyrir því, þegar þeir koma aftur út í sveitirnar á sumrin, að heimaþólkíð þefar af þeim með nokkurs konar háðslegum viðbjóði, unz þeir hafa látið þvo allan sinn fatnað sem rækilegast. Og í rauninni helzt einhver leiðinda dāmur við við þessa menn nokkurn tíma eftir heimkomuna, þangað til að þeir hafa vanizt lífnaðarháttum í sveitinni. Þegr dvalizt er við sjávarsíðuna, finna menn þetta naumast, en því meira, er þeir koma hingað í fyrsta sinni ofan úr sveitum. Nokkurs konar héraðsótti veldur því, að Skagfirðingar hafa mestar mætur á háttum og siðum sjálfra sín, enda þótt sumt sé betra hjá nágrönnunum og má ef til vill telja þetta til lýta með íbúum þessa héraðs, og ætti það að hverfa.“ (608-9)

Um íbúa Hegranessýslu segir hins vegar í Ferðabókinni:

Skagfirðingar eru vanari ferðalögum en öll önnur landsins börn. Og í stað þess, að fólk í sumum öðrum sveitum ferðast aldrei og er, að kalla má, mannfælið og hefur einhvern heimóttarsvip, þá er Skagfirðingar manna frjálslegastir, fljótir til og opinskáir í viðmóti. En þegar aðrir finna í skapferli þeirra hinn ósvikna hermennskubrag, ásamt frjálslegri og óþvingaðri framkomu er illa þolir kúgun, þá kallast það, að þeir séu hvatvísir, óstýrilátir og þrætugjarnir. Og af því að þeir sýna óttaleysi um ýmsa aðra fram, þá eru þeir álitnir drambsamir, orðhvatir og auk þess montnir, af því þeir taka Sunnlendingum langt fram í hreinlæti og klæðaburði. Þeir eru þannig hugrakkir, opinskáir, örlyndir, alvarlegir og göfuglyndir. Þeir unna réttssýni, og mjög má róma gestrisni þeirra, þegar undan eru skildar einstakar sveitir, svo sem Viðvíkursveit og Höfðaströnd, er liggja næst hinum danska verslunarstað. En því er svo háttað um land allt, að það fólk, sem lengi hefur saurgazt af samskiptum við útlendinga – en meðal þeirra er oft úrhak verzlunarþjóðarinnar – er sem væri það af öðrum kynþætti en hin ósnortna alþýða upp til landsins (636).

Í lýsingum Sveins birtast skýrast þessar andstæður:

NORÐUR, SVEIT	SUÐUR, SJÁVARSíÐA
íburður	fátækt
hreint (þvottur)	óhreint (daunn)
frjálslegur	heimóttarlegur
gestrisni	hálfdanskt
réttssýni	uppivöðslusemi
ósnortin	saurguð
alþýða landsins	úrhak verzlunarþjóðar

Sama er uppi á teningnum í Ferðabók Eggert og Bjarna (1772), þar er sveitin hrein og íslensk en sjávarplássin óhrein og útlensk. Í Ferðabók sinni lýsir Sveinn íbúum sýslnanna tveggja kerfisbundið að hætti alfræði upplýsingarinnar, þeir fá tiltekin einkenni og samanburður í ljósi mismunar veitir eina svarið sem tekið er gilt. Flokkunarkerfi Sveins hefur á sér yfirbragð hlutlægni; hér er vísindaleg tafla sem birtir eiginleika íbúa tveggja landshluta og dregur upp mynd af skipulagi eða veruleika sem er kyrrstæður; þar sem allt er bundið saman í algilt kerfi. Vísindi sem þessi birtast mjög víða í almennum landafræðiritum þessa tíma (t.d. í Almennri Landaskipunarfræði 1821-7) og í Ferðabók Tómasar Sæmundssonar (pr. 1947).

Vert er að huga í þessu samhengi að kenningum franska fræðimannsins Michel Foucault (1926-1984)

sem fjallaði um hugsunarsögu Vesturlanda og upplýsinguna í frægri bók sinni Orð og hlutir (Les mots et le choses, 1966). Það sem einkennir þekkingu og skynjun upplýsingamanna, samkvæmt kenningum hans, er mikil greiningarþörf, flokkun og skipulag. Samfelld kerfi hluta er búið til og virkar sem eins konar algild sannindi, hreyfingarlaus og tímalaus, líkt og greytt inn í hugann. Þetta eru vísindi sem gefa sig út fyrir að þekkja sannleikann. Á upplýsingartímanum var „lýsing“ lykilhugtak og forsenda þeirrar þekkingar sem réði skynjun manna á heiminum. Heimurinn og hugsunin voru þá álitin spegla hvort annað hnökralaust í gegnum tungumálið sem menn töldu að væri algerlega gagnsætt, orð og hlutur samsvöruðu hvort öðru fullkomlega. Heimsmyndin var sett upp í eins konar alfræðitöflu og skipað eftir ákveðnum reglum. Hvorki tungumálið né tilvist mannsins var vandamál í sjálfu sér (Foucault, 1996). Upplýsingin er því tímabil alfræðinnar miklu, orðabókanna og vísindasafnritanna. Alfræðitaflan byggir á einfaldleika, hún birtir þekkingu í ljósi mismunar og sérkenna. Frægt dæmi um slíka töflu er að finna í verkum sænska grasafræðingsins Carl Linné (1707-1778, *Systema Naturae*, en það er einfalt og algilt flokkunar- og stigveldiskerfi fyrir plöntur og dýr. Sveinn Pálsson þekkti verk Linnés og í anda hans skrifaði hann stutta ritgerð eða skrá um flokkun íslenskra plantna. Skráin, sem heitir *Flora Efri-Skaulana*, er tafla um þær plöntur sem hann safnaði og greindi út frá tilteknum eiginleikum sumarið 1796 í túninu heima á Skála undir Eyjafjöllum (Sveinn Pálsson, 1983). Það hefur ýmislegt verið náttúrufræðingi á Íslandi mótdrægt á þessum tíma, því í lok ritgerðarinnar skrifar Sveinn: „Erfitt er einnig að nafngreina grösina með fullri vissu á túnum hér á landi, því að þau eru slegin áður en grösina blómgast“ (703).

Í Ferðabókinni takast á viðhorf náttúrufræðings og bóndasonar, vísinda og hjátrúar. Jón Eypórsson, einn þýðenda ferðabókar Sveins, segir að Sveinn hafi „hatað hjátrú“ (Jón Eypórsson 1983:xxxi). Það viðhorf get ég ekki fundið í Ferðabókinni. Sveinn trúir ekki neinu sem hann getur ekki sjálfur sannprófað en afstaða hans til hjátrúar er langt frá því að vera ofstækisfull, hún er miklu frekar mild og raunsæisleg. Hann segir til dæmis: „Alþýða manna hér á landi kennir alla (slíka) bráða sjúkdóma fjandanum og illum öndum, líkt og annars staðar er títt, enda vita þeir ekki hinar réttu orsakir sjúkdómanna“ (94). Úr skrifum Sveins má lesa einföld skilaboð, fólk vantar upplýsingu. Sjálfur er hann oft tvístígandi með hvað í náttúrunni megi tengja saman og hvað ekki: „Það er áreiðanlegt, að það veit á hvassviðri, þegar mikil ólæti eru í hrossagauknum á kvöldin og framan af nóttu“ (58) skrifar Sveinn eins og athugull sveitamaður. Sagt er frá skýtnu dýr, með eitthvað sem líktist selshaus, sem fór á kaf í á og skaut upp kryppu. Fólk sagði að þetta væri algengt á undan illviðri og þá skrifar Sveinn: „En hversu furðulegar sem þessar sýnir mega virðast, þá er hitt samt ennþá furðulegra, að slík dýr skuli aldrei hafa náðst né fundizt rekin á þurru landi eftir umbrot í ánum o.þv. Eiga menn að skella skollaeyrum við öllu slíku sem heilaspuna og hjátrúargrillum?“ (184).

Sveinn á erfitt með að koma saman vísindalegri heimsmynd sem honum var kynnt í háskóla og þeirri náttúrudulhyggju og þjóðtrú sem hann þekkti úr uppvextinum. Fleiri upplýsingarmenn stóðu frammi fyrir svipuðum vanda. Saga myndunar hafs og landa var mönnum til dæmis óljós á þessum tíma og Sveinn telur að Ísland hafi myndast við náttúruhamfarir stuttu eftir að Guð lauk við að skapa heiminn. „Hvort mun náttúran eigi í þessu sem öllu öðru hafa ákveðin, órjúfanleg takmörk, sem hún hefur öðlzt fyrir ævalöngu, ef til vill skömmu eftir að almættið skildi þurrlendið frá votlendinu?“ (Sveinn Pálsson, 1983:429). Sveinn taldi, eins og aðrir menntaðir menn tíðarinnar, að allt væri meira eða minna runnið undan rifjum herra sköpunarverksins. Sú hugmynd er í anda píetismans, ríkjandi guðfræðistefnu á tímum upplýsingarinnar, en samkvæmt henni setti guð veröldinni forðum lögmál og þaðan í frá bar manninum að sjá um að allt gengi sinn vanagang. Almættið trónaði efst í skipulagi heimsins. Vísindin og maðurinn voru undirsátar þess og höfðu það hlutverk að skýra heiminn og túlka

hann út frá guði og kennisetningum kirkjunnar. Sveinn áleit líkt og aðrir vísindamenn þessa tíma að náttúran væri gerð af guði fyrir manninn og að rannsóknir á til dæmis myndunarsögu jarðar og fræðaiðkanir ýmsar næðu aðeins til þess veruleika sem skynsemin gæti kannað. Þegar henni sleppti tók opinberunin við, hið óútskýranlega var á umráðasvæði guðs.

Sveinn lítur svo á að guð hafi líf hans í hendi sér, örlög hans séu ráðin og hann geti ekki rönd við reist. Þetta viðhorf birtist vel í sjálfsævisögu hans. Um það leyti sem hún er rituð stígur manneskjan fram sem sjálfráð skynsemisvera í bókmenntum og sálarlífi. Michel Foucault hefur fjallað um hvernig sjálfsveran verður til (Eiríkur Guðmundsson 1998). Fyrir upplýsinguna ríkti ósjálfraði í huga fólks, menn höfnuðu sjálfinu og hlýddu yfirboðurum sínum, sættu sig við vald og skelltu skuldinni á aðra ef ekki rættist úr. Síðan fór að örla á nútímalegu viðhorfi eða viðleitni til að nota hyggjuvitið í anda upplýsingarinnar, sbr. kjörorð hennar: *Sapere Aude!* Einhvers konar sjálfsvitund kom til sögu, einhver óljós vissa um sérstöðu og siðferðilega valkosti. Samtíminn, einstaklingurinn sjálfur, lífshlaup hans og örlög hlutu smátt og smátt sess sem verðugt viðfangsefni bókmennta. Ekki gripu íslenskir upplýsingamenn þetta beinlínis á lofti. Fram kemur víða í bréfum, sjálfsævi- og ferðasögum upplýsingarmanna að þeir eru heldur svartsýnir, uppburðarlausir, taka hvorki af skarið né bera ábyrgð á eigin lífi. Sjálfsveran er bæld og beitir ekki hyggjuviti sínu, hún er þolandi en ekki gerandi. Þetta má glöggst sjá í sjálfsævisögu Sveins.

Sveinn ritaði sjálfsævisögu sína síðasta árið sem hann lifði, 78 ára gamall. Hún er ófullgerð og rituð í tímaröð en hann var kominn að árinu 1828 þegar yfir lauk. Hann náði ekki að skrifa neitt fallett um eiginkonu sína, Þórunni Bjarnadóttur Pálssonar. Hún andaðist 11. apríl 1836 úr því sem Sveinn nefnir garnengju (garnaflækju), eftir langa legu og í ritgerð sem hann ritaði síðar um íslensk sjúkdómanöfn segir: „Þennan viðbjóðslega og pínufulla sjúkdóm hafa inir gömlu kallað miserer eðr miskunn þú“ (Jón Eypórsson, 1983:xxviii). Áður en Sveinn kvæntist hafði hann átt í litlu ástarævintýri sem endaði ekki vel: „Sveinn var líka búinn að reyna pretti af stúlku, efnilegri og ekki fátækri, við hverja honum varð vel síðasta vetur hans í Hólaskóla; en þá hann tók fyrir sig að fara suður að Nesi, brá hún vináttu við hann, eignaðist umkomulítinn prest í Fljótum, sem ei varð langlífur“ (Sveinn Pálsson 1929:32).

Eins og sjá má af þessari tilvitnun ritar Sveinn söguna í 3. persónu eins og algengt er í íslenskum sjálfsævisögum fyrri alda. Hann horfir á sjálfan sig úr fjarlægð og býr til karakter sem er hrekkláus í mótlæti lífsins, treystir forlögnum en hefur orðið fyrir vonbrigðum. Sveinn gerir grein fyrir sér sem elskuðu og þekku barni, sérlega námfúsum pilti í Hólaskóla. Hann var svo við nám hjá Jóni Sveinssyn, landlækni í Nesi á Seltjarnarnesi, og lynti þar einstaklega vel við alla í læknishúsinu en segir „þó sumir fyndust, er heldur álitu hann kænán en hitt, bæði þá og oftast síðan“ (12) og ýjar þar að þeirri vondu tilfinningu sem oft leitaði á hann, að hann nyti ekki sannmælis. Jón bauð Sveini svo að halda áfram námi á Íslandi eða fara utan og valdi Sveinn að fara þótt fátækur væri. Hann stundaði nám við Kaupmannahafnarháskóla í fjögur ár og hugðist ljúka heimspekiprófi sem tryggði námsstyrk í fimm ár og jafnvel eitthvað áfram, en var talinn af því, m.a. af Magnúsi Stephensen. Hann lauk því aldrei embættisprófi í læknisfræði sem gerði honum erfitt fyrir síðar og þýddi að hann aldrei komst út úr fátæktinni.

Ólíkt hafast þeir að, áður nefndur Magnús og Sveinn sem voru samtíða í Höfn og rituðu báðir sjálfsævisögur sínar. Magnús dundar við að kaupa sér föt og glingur, dreypa á madeira, sækja tónleika og leiksýningar (sjá *Ferðarollu* Magnúsar) en Sveinn lét eftir sér einstaka leikhúsferð og blöskraði sumum bruðlið, segir hann (17). Hann segir það sárt: „Að geta ekki aldurs, tíma og fátæktar vegna

tekið ofurlitla hlutdeild í neinu af því ótölulega marga indæla og undir eins veglega, t. d. söng og hljóðfæralist, dansi, lifandi tungumála iðkun, nytsömum reisu til lands og sjáar, teiknaralist og s. fr., samt fátt eitt sjeð af þeim ótölulega konstverkafjölda, er í þvílíkum stöðum og löndum standa til boða, og oss íslendingum ei oftár býðst, vera þó ekki óupplagður til margs af því, hvað fleirum er virt til óstöðugleiks, sýnir þvílíkum fyrst fyrir alvöru hvað bágst sje að vera fátækur“ (17).

Vini átti Sveinn fáa í Höfn en getur sérstaklega vinfengis við Stefán Stephensen og þess að þeir voru af ólíkum stigum. Sveinn telur að yfirstéttin, menntuð og rík, hafi ekki kært sig um alþýðumenn í sínum röðum, fátæka sveitadurga sem hefjast upp af eigin verðleikum en ekki fyrir efni sín og ættgöfgi:

„Hans aðalfeil sýnist um þessar mundir hafa verið: að taka of einfaldlega og trúgirnilega því, sem næst var hendinni, án mæðandi íhugunar þess ókomna og útfallsins. En reynsluleysi, ókunnugleiki, skortur óhrekkvísra og eldri leiðsagnara, sem ekki stóðu þá fátækum til boða, en hvötur hinna, er mäske vilja flesta minni sjer, olla nú þá svo á stendur einatt misjöfnu. ... hefði nokkur í fyrstu sagt honum, sem satt var, að á 3-4 árum var og er mäske enn hægt að ná attestats í medicin með æru við universitetið, þá gat skeð, að honum á eftir hefði hlotnast æðri vegur eður arðmeiri embættistrappa í því mediciniska en hann síðan hlaut. En hvað hægt er ekki að sjá þetta og annað á eftir og segja, — en hver vogar það afgjört? — að hann með áðursögðu og eftirfylgjandi hafi forspilað sinni lukku? Honum var aldrei kent að trúa á hana, heldur á guð“ (18).

Í ellinni lítur Sveinn yfir farinn veg og telur að gæfan hafi snúið við honum baki, hann hafi verið leiksoppur örlaganna, saklaus sveitadrengur sem hlýddi vondum ráðum, að sjálfstæðar ákvarðanir hafi ekki verið honum eðlislægar og að fátæktin alltaf verið honum fjötur um fót. Hann dreymdi um frama, tíma til að sinna áhugamálum sínum og betri fjárráð en draumar hans rættust ekki. Seinna segir Sveinn allt þetta hafa valdið sér þunglyndi, angursemi og depurð. Fram eftir árinu 1795 var Sveinn oft í þungum þönkum um líf sitt en segist „alvanur að fela sig forlaganna herra“ (32). Ósjálfræði hans birtist vel þegar hann lætur tilleiðast að gifta sig 1795 og stofna bú samkvæmt ráðum Vigfúsar sýslumanns Thorarensens (1756-1819) og þá eru vonir hans um náms- og embættisframa endanlega brostnar. En ábyrgðin er ekki hans sjálfs að mati hans heldur stjórna fortölur annarra, guð og forlögin því hvernig lífsgangan er. Hjónaband hans var þó farsælt og barnmargt en þegar vonbrigðin heltaka hann þarf þórunn að taka á honum stóra sínum, einu sinni þurfti hún að sækja hann á annan bæ þar sem hann hafði lagst í kör af sorg og þunglyndi yfir sínum hlut.

Upplýsingarskeiðið á Íslandi er litríkt tímabil andstæðna og ólíkra hugmynda. Í textum upplýsingarmanna speglast ríkjandi tíðarandi, sjálfsveran gægist hikandi fram og öndverð viðhorf mismunandi hugsunarkerfa togast á. Skýrt kemur fram hvernig háskólagenginn og margfróður skynsemistrúarmaður eins og Sveinn Pálsson sveiflast á milli lærðrar vísinda- og rökhyggju, píetisma samtíðarinnar og þeirrar þjóðtrúar- og náttúrudulhyggju sem hann er alinn upp við. Í verkum hans má skýrt greina hvernig alfræðin eða taflan verkar á huga hans og hjúpar sig gervi vísindanna. Augljós er trú hans á að hægt sé að safna þekkingu saman, lýsa henni með orðum sem tákni hlutina á gagnsæjan hátt og koma þannig böndum á heiminn. Ósjálfræði og trú á fyrirfram ákveðin örlög hindra framgang hæfileikaríks manns eins og Sveinn Pálsson var, harðduglegur og bráðgáfaður, en hann glatar tækifærum til fjár og frama með því að láta varpast í forlaganna straum í stað þess að stjórna lífi sínu sjálfur. Dæmi um það hafa verið rakin hér og má víða finna í verkum hans. Í annál eða Anniversariu frá 1797 sem birt er í Ferðabókinni þylur hann upp hvernig hann sér fyrir sér stöðu

landlæknis á Íslandi þróast í framtíðinni á glæsilegan hátt. En hann klykkir svo út með: „En til hvers er að dvelja við slíka dagdrauma!“ (707). Þar með er málið útrætt og hann heldur áfram að streða, stúðera, lækna, þýða og skrifa - og basla inn í eilífðina.

Greinin er byggð á fyrirlestri mínum í tilefni af 200 ára ártíð Sveins Pálssonar á degi umhverfisins, sem haldinn er 24. apríl 2012 til heiðurs Sveini. Í sjálfsævisögunni segist Sveinn fæddur þann 25. apríl.

Heimildir

Eiríkur Guðmundsson 1998. Gefðu mér veröldina aftur. Um sjálfsævisöguleg skrif Íslendinga á átjándu og nítjándu öld með hliðsjón af hugmyndum Michel Foucault. Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.

Foucault, Michel 1996. The Order of Things. An Archeology of the Human Sciences. Vintage Books, New York

Porter, Roy 2001. Enlightenment. Britain and the Creation of the Modern World. Penguin Books, London

Porter, Roy 2003. Flesh in the Age of Reason. How the Enlightenment transformed the Way We see our Bodies and Souls. Penguin Books, London

Sveinn Pálsson 1929. Æfisaga Sveins læknis Pálssonar eftir sjálfan hann. Ársrit Hins íslenska fræðafjelags í Kaupmannahöfn, 10. árg. bls. 1-56.

Sveinn Pálsson 1983. Ferðabók, dagbækur og ritgerðir 1791-1797. Fært í íslenzkan búning af þeim Jóni Eypórssyni o.fl. Snælandsútgáfan, Reykjavík